

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Bolungarvík.

1. gr.

Bæjarstjórn Bolungarvíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 7.000

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

- b) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar.

Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur 1	kr.	5.000
Flokkur 2	“	10.000
Flokkur 3	“	15.000
Flokkur 4	“	30.000
Flokkur 5	“	50.000
Flokkur 6	“	75.000
Flokkur 7	“	100.000
Flokkur 8	“	125.000
Flokkur 9	“	150.000
Flokkur 10	“	175.000

Bæjarráð skipar aðilum í flokka

Gjalddagi er 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, er samin og samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkur, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytið, 13. febrúar 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

Löggildingarstofunnar fyrir faggildingu og eftirlit.

1. gr.

Umsóknargjald.

Í umsóknargjaldi er innifalið upplýsingar fyrir umsókn, móttaka, skráning og yfirferð umsóknar og fylgiskjala og stutt álitserð um niðurstöður fyrstu yfirferðar.

Þegar um útibú prófunarstofu, vottunarstofu eða skoðunarstofu er að ræða, þar sem fram fer samskonar starfsemi og í aðalstöðvum sem áður hafa hlotið faggildingu skal greiða 75% af umsóknargjaldi fyrir sérhvert útibú.